

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 214/2011 um meistara- og doktorsnám við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum.

#### 1. gr.

4. mgr. 3. gr. orðast svo:

Stjórn námsins fer yfir og afgreiðir umsóknir í umboði þeirra fræðasviða og deilda sem að náminu koma, sbr. 4. gr. Nemandinn er skráður í þverfaglega námsleið í umhverfis- og auðlindafræðum og velur þar kjörsvið eftir því sem við á. Deildin sem nemandi brautskráist frá (heimadeild) ræðst af því hvar lokaverkefni hans er unnið. Námsleiðin, kjörsvið og námskeið hennar eru í umsjá stjórnar námsins. Önnur námskeið eru á ábyrgð viðkomandi deilda. Að auki gilda reglur þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) nemanda er unnið, enda skal nemandinn brautskráður frá þeirri deild.

#### 2. gr.

3. mgr. 19. gr. orðast svo:

Doktorsnámið fer fram á faglegri ábyrgð námsstjórnar í umhverfis- og auðlindafræðum í samvinnu við doktorsnámsnefnd (fastanefnd) hlutaðeigandi deildar, sem brautskráir doktorsnemann að námi loknu. Doktorsnemi skal ljúka tilteknum námskeiðum í umhverfis- og auðlindafræðum samkvæmt ákvörðun doktorsnefndar hverju sinni, sbr. 23. grein.

#### 3. gr.

4. málslíður 1. mgr. 21. gr. orðast svo:

Námsstjórn í umhverfis- og auðlindafræðum, að höfðu samráði við doktorsnámsnefnd (fastanefnd) hlutaðeigandi deildar, metur hvenær doktorsefni hefur uppfyllt þessar forkröfur.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr.:

- a. 1. málslíður 1. mgr. orðast svo: Námsstjórnin skipar þrjá til fimm sérfróða einstaklinga í doktorsnefnd fyrir hvern doktorsnema í samráði við þá deild sem brautskráir nemandann að námi loknu og skal einn þeirra starfa utan viðkomandi deildar en annar vera akademískur starfsmaður náms í umhverfis- og auðlindafræðum.
- b. Á eftir 1. málslíð 1. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Skipa skal umsjónarmann og/eða leiðbeinanda eftir atvikum.

#### 5. gr.

Á eftir 24. gr. reglnanna bætist við ný grein, 24. gr. a, sem ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Lærdómstitill.*

Doktorspróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstilsins Doctor of Philosophy, *philosophiae doctor*, (Ph.D.), í umhverfis- og auðlindafræðum.

6. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði Háskóla Íslands á grundvelli laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af viðkomandi háskóladeildum, fræðasviðum og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 10. júní 2014.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Dórður Kristinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2014